



## Alþýðusamband Íslands

### Umsögn miðstjórnar ASÍ um ályktun ASÍ-UNG um húsnæðismál

Eftirfarandi ályktun hefur borist frá ASÍ-UNG:

#### **Húsnæði – mannréttindi ekki forréttindi**

*Þing ASÍ-UNG áréttar að íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sé grundvallaratriði svo ungt fólk geti komið undir sig fótum og skapað fjölskyldum sínum góð lífsskilyrði. Aðgangur að öruggu íbúðarhúsnæði eru mannréttindi ekki forréttindi. Mikilvægt er að ungt fólk hafi raunhæft val um búsetuform og fái húsnæðisstuðning óháð því hvort það velji að leigja eða eiga húsnæði.*

*Gera þarf leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði. Til þess þarf að stuðla að stofnun stórra leigufélaga sem tryggja öruggt langtíma leiguhúsnæði fyrir ungt fólk á viðráðanlegum kjörum. Þetta má m.a. gera með því að koma ónýttum íbúðum lánastofnanna í útleigu í stað þess að láta þær standa auðar. Auka þarf stuðning við leigjendur með því að hrinda sem fyrst í framkvæmd hugmyndum um eitt húsnæðisbótakerfi sem stuðlar að jafnræði milli búsetuforma. Tryggja þarf að tekjuskerðingar í húsnæðisbótakerfinu séu hóflegar svo það gagnist ungu fólki. Núverandi húsaleigubótakerfi styður ekki við ungt launafólk sem er með öllu óásættanlegt.*

*ASÍ ung telur mikilvægt að greiðslumat vegna íbúðakaupa sé raunhæft og taki aukið mið af stöðu hvers og eins og geri þannig ungu fólki kleift að festa kaup á húsnæði. Hvetja þarf ungt fólk til húsnæðissparnaðar og koma þarf til móts við unga kaupendur með skatta ívilnun sem tryggir hraðari eignamyndun.*

Lagt er til að fjallað verði um þessa tillögu ASÍ-UNG með eftirtöldum hætti:

1. Tillagan verði kynnt undir liðnum „Húsnæðismál“ á þinginu.
2. Að lokinni kynningu og 1. umræðu verði tillögunum vísað til frekari umfjöllunar í málstofu um húsnæðismál.